

Fimmtudaginn 4. apríl 1968.

Nr. 58/1968. **Rúnar Hallgrímsson**
 gegn
Protabúi Friðriks Jörgensens.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. marz 1968 hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði uppboðsdóms Keflavíkur, sem Alfreð Gíslason bæjarfógeti kvað upp hinn 1. s. m. Barst málið Hæstarétti 28. s. m.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa til Hæstaréttar, sbr. d lið 4. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja samkvæmt kröfu hans kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Rúnar Hallgrímsson, greiði varnaraðilja, þrotabúi Friðriks Jörgensens, kr. 2.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Keflavíkur 1. marz 1968.

Eftir kröfu margra uppboðsbeiðenda var efri hæð hússins nr. 30 við Smáratún, eign Rúnars Hallgrímssonar, auglýst til sölu á nauðungaruppboði í 57., 58. og 60. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1966. Í uppboðsrétti var málið fyrst tekið fyrir 1. desember 1966. Var uppboðinu síðan frestað alls 7 sinnum, þar til að eignin var seld á uppboði hinn 29. júní 1967 að undangengnum dagblaða-auglýsingum. Hæstbjóðandi varð Tómas Tómasson héraðsdómslögmaður, sem bauð í eignina kr. 570.000.00 f. h. 7. veðréttarhafa og krafðist útlagningar til umbjóðanda síns sem ófullnægðs veð-

hafa. Við uppboðið mætti Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður f. h. uppboðspola.

Á þessu uppboði, 29. júní, mætti Einar Viðar hæstaréttarlögmaður f. h. handhafa veðskuldabréfs áhvílandi 6. veðrétti í eigninni og lagði fram handhafaveðskuldabréf að fjárhæð kr. 250.000.00, útgefið af uppboðspola 17. janúar 1964, sem skyldi greiðast á næstu 5 árum í gjalddaga 12. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 12. janúar 1965. Krafðist lögmaðurinn, að fjárhæð þessi, kr. 250.000.00, yrði greidd umbjóðanda sínum af uppboðsverði eignarinnar.

Umboðsmaður uppboðspola krafðist, að annað og síðasta uppboð yrði haldið á eigninni, en mótmælti jafnframt gildi handhafaskuldabréfsins áhvílandi 6. veðrétti, þar sem á það væri rituð fullnaðarkvittun fyrir greiðslu þess.

Undir þessi mótmæli tók hæstbjóðandi, Tómas Tómasson héraðsdómslögmaður, f. h. umbjóðanda síns, 7. veðréttarhafa.

Að undangengnum dagblaðaauglýsingum að nýju var annað og síðasta uppboð haldið á eigninni sjálfri hinn 13. júlí 1967.

Áður en boð yrðu gerð í eignina, ítrekaði umboðsmaður uppboðspola og umboðsmaður 7. veðréttarhafa mótmæli sín gegn handhafa veðskuldabréfs 6. veðréttar á þeim forsendum, að bréfið væri greitt og veðrétturinn þar með niður fallinn. Umboðsmaður 6. veðréttarhafa taldi hins vegar, að bréfið héldi fullu gildi sínu þrátt fyrir áritaða kvittun um fullnaðargreiðslu. Var krafizt úrskurðar réttarins um atriðið.

Uppboðshaldari krafðist, að aðiljar skiluðu greinargerðum, og var uppboðinu því frestað að svo komnu.

Í uppboðsrétti hinn 25. júlí 1967 skiluðu þeir umboðsmenn uppboðspola og 7. veðréttarhafa greinargerðum sínum. Taldi umboðsmaður uppboðspola sér vera nauðsyn á því, að uppboðspoli, Frederik Jörgensen, sem eigandi handhafaveðbréfsins, Valtýr Þorsteinsson og Erling R. E. Magnússon mættu fyrir dómi til skýrslugerðar og vitnaleiðslu.

Í uppboðsrétti 3. ágúst 1967 skilaði Einar Viðar hæstaréttarlögmaður greinargerð sinni f. h. eiganda þrotabús Friðriks Jörgensens sem eiganda handhafabréfs, áhvílandi 6. veðrétti.

Uppboðsréttinum var frestað til vitnaleiðslu, sem fór fram 19. sept. 1967, þar eð Einar Viðar hæstaréttarlögmaður var fjarvistum erlendis um mánaðartíma. Var þá leiddur fyrir dóminn eigandi handhafabréfsins, Friðrik Jörgensen. Var uppboðsrétti þá frestað um óákveðinn tíma til frekari vitnaleiðslu.

Hún fór ekki fram og önnur vitni ekki leidd fyrir dóm. Er umboðsmaður uppboðspola taldi sig fallinn frá frekari vitnaleiðslu um ágreiningsatriðið, var flutningur málsins ákveðinn og fór fram fram 28. f. m. og atriðið tekið undir úrskurð réttarins að honum loknum.

Ágreiningsatriðið er risið út af því, að á handhafaveðskulda-bréf 6. veðréttar er árituð kvittun svohljóðandi: „Bréfið greitt að fullu“ og undirrituð af Valtý Þorsteinssyni í Reykjavík 6. des. 1966.

Umboðsmaður uppboðspola segir, að er umbjóðandi hans hafi keypt helmingsinn af v/b Garðari, GK 61, á móti Faxafiski h/f, Hafnarfirði, hafi hann gefið seljanda bátsins, Valtý Þorsteinssyni, út handhafabréf 17. janúar 1964, tryggt með 6. veðrétti í íbúðareign sinni, Smáratúni 30, efri hæð. Hinn 12. janúar 1965 hafi umbjóðandi sinn selt Faxafiski h/f sinn helming í bát þessum með þeim skilyrðum, að Faxafiskur h/f losaði umræddan veðrétt á íbúð sinni eða útvegaði honum jafngott veð, en hvorugt hafi verið efnt þrátt fyrir margítrekuð tilmæli þar að lútandi. Það hafi fyrst verið 6. desember 1966, að Frederik Jørgensen, sem þá var orðinn allstór hluthafi í Faxafiski h/f, hafi greitt bréfið. Er því haldið fram, að bréfið sé greitt í þágu uppboðspola og hafi greiðsla þess aðeins verið liður í að efna afsal uppboðspola á helmingsareign hans í v/b Garðari. Telur umboðsmaður uppboðspola, að með ótvíræðri áritaðri fullnaðarkvittun Valtýs Þorsteinssonar á bréfið séu veðréttindin samkvæmt því niður fallin og beri því ekki að taka það til greina við uppboðið. Heldur hann því fram, að þegar kröfuhafi samkvæmt veðskuldabréfi fái fulla greiðslu, sé aðalreglan sú, að veðréttindum samkvæmt bréfinu sé þar með lokið. Eina undantekningin frá þessari reglu sé sú, að greiðandi hafi réttmætra hagsmuna að gæta, sem tengdir væru við veðbréfið sjálft, t. d. sem ábyrgðarmaður. Handhafabréf þetta hafi fyrst verið lagt fram, þegar endanleg sala átti að fara fram 29. júní 1967, og bendi það til vafa handhafa bréfsins um veðréttindi sín. Bréfið hafi verið greitt 6. desember 1966, eftir að eignin var auglýst til nauðungaruppboðs, og 3 afborganir hafi verið gjaldfallnar, þegar handhafi þess gekk inn í uppboðið 29. júní.

Umboðsmaður 7. veðréttarhafa, hæstbjóðandi á uppboðinu 29. júní, heldur því og fram, að þegar kröfuhafi fái greiðslu, falli þá almennt veðréttur niður, þótt kröfuréttarsamband milli skuldara og þess, sem greiðsluna innti af hendi, þurfi ekki að vera þar

með lokið. Telur hann og, að því aðeins geti veðrétturinn haldizt við greiðslu 3ja manns á veðskuldinni, að 3ji maður eigi hagsmuna að gæta, sem séu tengdir bréfinu sjálfu, en greiðandi þessa bréfs, Frederik Jørgensen, hafi engra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta handhafabréf og hafi veðrétturinn því tvímæla-laust fallið niður, en hins vegar hefði greiðandi e. t. v. fengið endurheimtukröfu á hendur uppboðspöla, veðréttindalausá.

Kröfu sína byggir 7. veðréttarhafi auk ofanritaðs á hinni skýlausu og skilyrðislausu áritun á skuldabréf þetta um fullnaðargreiðslu og að með áritun þessari sé krafan brott fallin og þar með veðréttindin, eins og að ofan greinir. Telur hann, að handhöfn bréfs, sem þannig sé áritað, geti gefið til kynna, að skuldasamband sé milli handhafa bréfsins og skuldara, en veðrétturinn sjálfur samkvæmt bréfinu falli tvímæla-laust sjálfkrafa niður og endurvekist ekki nema með nýrri áritun skuldara á bréfið. Bréfið sé viðskiptabréf, að vísu handhafabréf, sem hafi notið ákveðinnar tryggingar. Það hafi verið greitt eiganda þess að fullu, en alls ekki framselt einum eða öðrum með öllum réttindum bréfsins. Hafi framsal þess verið meining aðilja, hefði það tvímæla-laust verið ritað á bréfið, úr því að þeir fóru á annað borð að rita nokkuð á það, sem hefði verið ónauðsynlegt, ef um framsal hafi verið að ræða á öllum réttindum þess, þar sem hér hafi verið um handhafabréf að ræða. Að greiðsluyfirlýsing var árituð, gefi ótvírætt til kynna, að ætlunin hafi alls ekki verið neitt framsal bréfsins, heldur einfaldlega að nema það úr gildi sem slíkt sem fullgreitt.

Báðir ofangreindir aðiljar krefjast þess, að veðrétturinn samkvæmt handhafabréfi þessu verði niður felldur og ekki tekinn til greina við uppgjör á uppboðsverði eignarinnar. Þá krefjast þeir hvor um sig málskostnaðar úr hendi handhafa bréfsins.

Umboðsmaður 6. veðréttarhafa, handhafa veðbréfsins, gerir þær kröfur, að umbjóðandi sinn fái fulla greiðslu á skuldabréfinu, þegar veðið verði endanlega selt, og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Lögmaðurinn segir það rétt vera, sem umboðsmaður uppboðspöla haldi fram, að það hafi komið til greina, að uppboðspóli seldi Faxafiski h/f eignarhluta sinn í v/b Garðari gegn því, að hér umrætt skuldabréf yrði kvittað til aflýsingar eða gegn annarri álíka greiðslu. Hins vegar hafi aldrei verið gengið frá kaupum þessum og hafi uppboðspóli nú leitað réttar síns gagnvart Faxafiski h/f á annan hátt, þar sem Faxafiskur virðist hafa nýtt hans

eignarhluta í bátnum. Hann telur, að umbjóðanda sínum beri fullur réttur samkvæmt hér umræddu handhafabréfi, enda hafi hann greitt fyrir það hinn 6. desember 1966. Hann mótmælir því, að áritunin á bréfið valdi brottfalli veðréttinda samkvæmt því. Bréfið sé að vísu áritað greitt, en þess sé ekki getið, hver greiðandinn sé, en handhöfn þess ætti að gefa næga vísbendingu um það. Telur lögmaðurinn, að ágreiningur þessi hefði aldrei orðið, hefði áritunin á bréfið getið um, hver hefði greitt það. Veðréttur falli ekki niður við eigendaskipti veðskuldabréfs og hér skipti handhöfn bréfsins höfuðmáli. Telur hann uppboðspóla skulda umbjóðanda sínum miklu meira en þessa veðskuld vegna viðskipta þeirra á undanförunum árum.

Frederik Jörgensen bar fyrir réttinum hinn 19. september 1967, að hann hefði keypt handhafaveðskuldabréf þetta af Valtý Þorsteinssyni hinn 6. desember 1966, sem þá hafi verið handhafi bréfsins. Bréfið hafi hann greitt með víxlum og ábyrgðum til tryggingar greiðslu bréfsins til Valtýs. Samþykkjendur víxlanna hafi verið ýmist Faxafiskur h/f, Erling R. E. Magnússon og hann sjálfur. Upplýsti Frederik Jörgensen, að uppboðspóli hafi haft mikil viðskipti við sig persónulega og Frederik Jörgensen h/f og hafi vegna þessara viðskipta skuldað sér stórfé, allt að 400 þús. krónur. Skuldir uppboðspóla við Frederik Jörgensen h/f hafi hann (Fr. Jörgensen) ábyrgzt persónulega gagnvart fyrirtækinu. Bar Frederik Jörgensen fyrir réttinum, að hann hefði keypt handhafabréfið af Valtý Þorsteinssyni, m. a. til að tryggja það, að ekki yrði gengið að uppboðspóla vegna vanskila á því, fyrr en honum gæfist tóm til þess að ganga frá öðrum skuldum sínum við hann sjálfan. Sagði Frederik Jörgensen, að áritunin á bréfið um fullnaðargreiðslu hafi aðeins átt að undirstrika það, að Valtýr Þorsteinsson hefði ekki lengur ráðstöfunarrétt yfir bréfinu. Hins vegar upplýsti hann, að texta áritunarinnar hafi Sveinbjörn Dagfinnsson hæstaréttarlögmaður skrifað, en Valtýr undirritað. Þá sagði hann, að uppboðspóli hefði ekki beðið sig að kaupa bréfið af Valtý, en hins vegar hafi sér verið kunnugt um, að uppboðspóli hefði áhyggjur af veðskuld þessari.

Rétturinn telur að vísu rétt, að krafa og veðréttur séu oft tengd þannig saman, að krafan sé forsenda fyrir gildi veðréttarins, og brottfall kröfunnar leiði til þess, að veðrétturinn falli niður, en þetta gildi fyrst og fremst, ef það er skuldarinn sjálfur, sem innir greiðslu kröfunnar af hendi.

Hér er um handhafaveðskuldabréf að ræða, en slík bréf ganga

tíðum kaupum og sölum manna milli og fara eigendaskipti slíkra bréfa fram með ýmsum hætti. Þar sem handhöfn slíkra bréfa er talin nægilegur eignarréttur, er óþarfi að árita framsal á slík bréf. Oft er þó framsal ritað á slík bréf.

Það, sem hér greinir á og mótmæli gegn gildi veðbréfsins byggist á, er, að á bréfið hefur verið árituð kvittun fyrir handhafa þess um fullnaðargreiðslu bréfsins. Ber því að athuga sérstaklega, hvort áritun þessi hafi þær verkanir gagnvart þeim, sem greiddi bréfið, að krafan og veðrétturinn samkvæmt bréfinu sé hvort tveggja niður fallið.

Uppboðspoli heldur því fram, að Frederik Jørgensen hafi greitt bréfið í því skyni að uppfylla skilyrði hans fyrir kaupum Faxafisks h/f á v/b Garðari. Það er hins vegar upplýst ómótmælt, að kaup þessi hafi aldrei komið til framkvæmda og uppboðspoli leiti nú réttar síns gagnvart Faxafiski h/f á annan hátt. Greiðandi bréfsins og handhafi þess kveðst hafa keypt bréfið til þess að gæta hagsmuna sinna á þann hátt að koma í veg fyrir, að gengið verði að veðinu vegna vanskila á því og með því gefa uppboðspola tóm til þess að geta gengið frá öðrum óveðtryggðum skuldum sínum við hann, en þær námu allverulegri fjárhæð. Áritunin á bréfið um greiðslu þess hafi aðeins átt að tákna, að fyrri handhafi þess, Valtýr Þorsteinsson, hefði ekki lengur ráðstöfunarrétt yfir bréfinu.

Það skal að vísu viðurkennt, að í ýmsum tilfellum fellur veðréttur niður, þegar þriðji maður greiðir veðtryggða kröfu, en rétturinn lítur svo á, að í þessu tilfelli hafi greiðandi verið að gæta hagsmuna sinna gagnvart uppboðspola varðandi viðskiptaskuldir hans, og ber þá einnig að líta svo á, að hann hafi greitt bréfið í góðri trú á, að með kaupum hans á því fylgdu öll þau forréttindi, sem fylgdu hinni innleystu kröfu. Hafi hin áritaða kvittun á bréfið átt að gilda svo sem handhafi þess hafi greitt það fyrir uppboðspola, hefði verið rétt að kvitta bréfið til aflýsingar. En svo er ekki gert.

Rétturinn lítur því svo á með vísun til framanritaðs, að í þessu tilfelli beri að líta á umrædda áritun á bréfið sem framsal til kaupanda þess með öllum réttindum samkvæmt efni þess og þar sem hér sé um handhafabréf að ræða, verði handhöfn þess að skoðast nægileg eignarheimild.

Verða því framkomin mótmæli gegn gildi kröfuréttinda og veðréttar handhafaveðskuldabréfsins á dskj. nr. 30 áhvílandi 6. veðrétti í Smáratúni 30, efri hæð, ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Því úrskurðast:

Mótmæli uppboðspola og 7. veðréttarhafa í Smáratúni 30, efri hæð, gegn gildi kröfuréttinda og veðréttar samkvæmt handhafaveðskuldabréfi, áhvílandi 6. veðrétti í sömu eign, eru ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 5. apríl 1968.

Nr. 110/1967. Margrét Hjaltsted vegna sjálfrar sín og ófjárráða barna sinna, Margrétar, Sigurðar Kristjáns og Karls Lárusar

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Magnúsi Sigurðssyni Hjaltsted og til réttargæzlu Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni vegna Markúsar Ívars Hjaltsteds og Sigríðar Hjaltsteds

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Erfðaskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1967, gera þessar dómkröfur:

„Að öllum eignum dánar- og félagsbús Sigurðar Hjaltsteds og eftirlifandi maka, Margrétar Hjaltsteds, verði skipt eftir almennum skiptareglum erfðalaga, enda verði taldar brostnar forsendur fyrir gildi og framkvæmd erfðaskrár Magnúsar Einarssonar Hjaltsteds umfram það, er segir í